

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/62/01		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 49. gr. EES-samningsins . . . . .	1
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2010/EES/62/02		Dómur dómstólsins frá 6. janúar 2010 í máli E-1/09 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein . . . . .	2
2010/EES/62/03		Dómur dómstólsins frá 20. maí 2009 í máli E-2/09 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu . . . . .	3
2010/EES/62/04		Dómur dómstólsins frá 27. janúar 2010 í máli E-4/09 – Inconsult Anstalt gegn Fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht) . . . . .	4
2010/EES/62/05		Dómur dómstólsins frá 30. mars 2010 í máli E-6/09 – Magasin- og Ukepresseforeningen gegn Eftirlitsstofnun EFTA . . . . .	4
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/62/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5753 – DSB/FIRST/DSBFirst Väst) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	5
2010/EES/62/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5932 – News Corp/BSkyB) . . . . .	6

<b>2010/EES/62/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5969 – SCJ/ Sara Lee) . . . . .	7
<b>2010/EES/62/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5983 – Tyco Electronics/ADC Telecommunications) . . . . .	8
<b>2010/EES/62/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5986 – Schindler/ Droege/ALSO/Actebis) . . . . .	9
<b>2010/EES/62/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5991 – Triton III Holding 6/Wittur Group) . . . . .	10
<b>2010/EES/62/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5995 – VW/ Karmann) . . . . .	11
<b>2010/EES/62/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6003 – Renco Group/Body Systems) . . . . .	12
<b>2010/EES/62/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6011 – ATP/ PFA/Folksam Group/CPD/FIH Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	13
<b>2010/EES/62/15</b>	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5913 – CEZ/EPH/Mibrag Group) . . . . .	14
<b>2010/EES/62/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5803 – Eurovia/Tarmac) . . . . .	14
<b>2010/EES/62/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5814 – CVC/Univar Europe/Eurochem) . . . . .	15
<b>2010/EES/62/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5862 – Mahle/Behr/Behr Industry) . . . . .	15
<b>2010/EES/62/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5919 – Apollo/Alcan) . . . . .	16
<b>2010/EES/62/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5933 – Marfrig/Keystone) . . . . .	16
<b>2010/EES/62/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5944 – Osaka/UFG/Infrastructure Arzak/Saggas) . . . . .	17
<b>2010/EES/62/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5958 – GS/TPG/Ontex) . . . . .	17
<b>2010/EES/62/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5965 – Brookfield/Prime) . . . . .	18
<b>2010/EES/62/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5974 – Finavias/Abertis/Autopista Trados M-45) . . . . .	18
<b>2010/EES/62/25</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5975 – Lion Capital/Picard Groupe) . . . . .	19
<b>2010/EES/62/26</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5994 – Apotheek DocMorris/K-Mail Order/JV) . . . . .	19

2010/EES/62/27

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6005 – Cinven/Spice) ..... 20

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 49. gr. EES-samningsins**

**2010/EES/62/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun.

**Dagsetning ákvörðunar:** 1. júlí 2010

**Málsnúmer:** 68188

**Ákvörðunarnúmer:** 267/10/COL

**EFTA-ríki:** Noregur

**Hérað:** Á ekki við

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** Ríkisaðstoðarkerfi fyrir hliðarspor járnbrauta og vöruflutninga-miðstöðvar

**Lagaheimild:** Ákvæði 49. gr. EES-samningsins; norsku ríkisfjárlögin, Prop. 1 S(2009–2010)

**Tegund aðstoðar:** Endurkræfur styrkur

**Markmið:** Að færa vöruflutninga af vegum yfir á járnbrautir

**Aðstoðarform:** Samhæfing á flutningum

**Fjárveiting:** 5 milljónir NOK (2010) – eftir það háð samþykktum Stórþingsins um fjárveitingar

**Aðstoðarhlutfall:** Hámark 50% af styrkhæfum kostnaði

**Gildistími:** 5 ár

**Atvinnugreinar:** Flutningastarfsemi

**Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Jernbaneankerket – „JBV“

**Nánari upplýsingar:** –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

2010/EES/62/02

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

frá 6. janúar 2010

í máli E-1/09

### Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein

*Vanefndir sammingsaðila á skuldbindingum sínum – staðfesturéttur – búsetuskilyrði*

Hinn 6. janúar 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-1/09, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með þeirri kröfu stjórnvalda í Liechtenstein að þeir sem sitji í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum banka sem hafa staðfestu í Liechtenstein, skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna hlutverki sínu og skyldum í raun og með óaðfínanlegum hætti, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, einkum 28. og 31. gr., og að með þeirri kröfu að lögfræðingar, einkaleyfalögfræðingar, endurskoðendur og fjárvörsluaðilar skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna verkum sínum í raun og með reglubundnum hætti, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, einkum 31. gr. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með þeirri kröfu stjórnvalda í Liechtenstein að þeir sem sitji í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum banka, sem hafa staðfestu í Liechtenstein, skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna hlutverki sínu og skyldum í raun og með óaðfínanlegum hætti, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum 31. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn lýsir yfir að með þeirri kröfu að lögfræðingar, einkaleyfalögfræðingar, endurskoðendur og fjárvörsluaðilar skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna verkum sínum í raun og með reglubundnum hætti, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum 31. gr. EES-samningsins.
3. Dómstóllinn vísar kröfunni frá að því leyti sem hún varðar 28. gr. EES-samningsins.
4. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

2010/EES/62/03

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS****frá 20. maí 2009****í máli E-2/09****Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu**

*Vanefndir sammingsaðila á skuldbindingum sínum – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á – útvistardómur*

Hinn 20. maí 2009 felldi dómstóllinn dóm í máli E-2/09, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að gera ekki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að leiða gerðina, sem um getur í lið 66s í VI. kafla XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landsrétt innan tilskilins tíma, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, innlend ákvæði sem eru nauðsynleg til að leiða gerðina, sem um getur í lið 66s í VI. kafla XIII. viðauka við EES-samninginn, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landsrétt, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

2010/EES/62/04

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS**

frá 27. janúar 2010

í máli E-4/09

**Inconsult Anstalt**

gegn

**Fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht)***(Málssóknarréttur – tilskipun 2002/92/EB um miðlun váttrygginga – hugtakið „varanlegur miðill“)*

Hinn 27. janúar 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-4/09 Inconsult Anstalt gegn fjármálaeftirlitinu – Beiðni áfrýjunarnefndar fjármálaeftirlitsins í Liechtenstein (Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht) um túlkun á 12. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga í tengslum við þau skilyrði sem vefsetur þarf að uppfylla til að geta talist „varanlegur miðill“ samkvæmt fyrrnefndri grein. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson (framsögumaður) og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

1. Til að vefsetur geti talist „varanlegur miðill“ í skilningi 12. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga, verður það að gera viðskiptavininum kleift að geyma upplýsingarnar sem taldar eru upp í 12. gr. tilskipunarinnar.
2. Til að vefsetur geti talist „varanlegur miðill“ verður það að gera viðskiptavininum kleift að geyma upplýsingarnar, sem gerð er krafa um samkvæmt ákvæðum 12. gr. tilskipunarinnar á þann hátt að þær séu aðgengilegar honum í þann tíma sem telst viðunandi með tilliti til þeirra markmiða sem þær þjóna, þ.e.a.s. eins lengi og þær hafa þýðingu fyrir viðskiptavininn, til þess að hann geti verndað þá hagsmuni sína sem tengjast samskiptum hans við váttryggingamiðlarann. Þessi tími getur náð til þess tímabils þegar samningaviðræður fóru fram, jafnvel þótt ekki verði úr gerð endanlegs váttryggingasamnings, tímabilsins sem tryggingasamningur er í gildi og jafnvel tímabilsins eftir að hann fellur úr gildi, ef nauðsynlegt er.
3. Til að vefsetur geti talist „varanlegur miðill“ verður að vera unnt að afrita geymdar upplýsingar óbreyttar, þ.e., upplýsingarnar verða að vera geymdar á þann hátt að útilokað sé að váttryggingamiðlarinn geti breytt þeim einhliða.
4. Til að vefsetur geti talist „varanlegur miðill“ skiptir ekki máli hvort viðskiptavinurinn hafi veitt gagnert samþykki fyrir miðlun upplýsinga gegnum Netið.

2010/EES/62/05

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS**

frá 30. mars 2010

í máli E-6/09

**Magasin- og Ukepresseforeningen gegn Eftirlitsstofnun EFTA***(Kæra fyrir að láta hjá líða að hefja aðgerðir – ríkisaðstoð – yfirstandandi aðstoð – málssóknarréttur)*

Hinn 30 mars 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-6/09, Magasin- og Ukepresseforeningen gegn Eftirlitsstofnun EFTA—krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Eftirlitsstofnun EFTA hafi látið hjá líða að hefja aðgerðir í kjölfar kvörtunar sem stofnuninni var send í ágúst 2006 og varðar ríkisaðstoð við dagblaðaútgefendur. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Kröfunni er vísað frá og hún ekki tekin til greina.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5753 – DSB/FIRST/DSBFirst Väst)**

**2010/EES/62/06**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið DSB („DSB“) og hið breska FirstGroup plc („First“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirræð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í DSBFirst Väst Aps („DSBFirst Väst“), nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki sem er stækkun á sameiginlegu fyrirtæki, sem þegar er fyrir hendi, hinu sænska DSBFirst Aps („DSBFirst“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DSB: járnbrautaflutningar innan svæða og milli svæða í Danmörku og Svíþjóð
  - FIRST: farþegaflutningar með járnbrautum, aðallega í Bretlandi
  - DSBFirst Väst: farþegaflutningar með járnbrautum í vesturhluta Svíþjóðar frá desember 2010 til desember 2018; sérleyfið var veitt á grundvelli opinbers útboðs
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 304, 10. nóvember 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5753 – DSB/FIRST/DSBFirst Väst, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5932 – News Corp/BSkyB)**

2010/EES/62/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið News Corporation („News Corp“) öðlast með yfirtökutilboði að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu British Sky Broadcasting Group plc. („BSkyB“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - News Corp: alþjóðlegt fjölmiðlafyrirtæki með fjölbreytta starfsemi, m.a. á sviði framleiðslu skemmtikvikmynda, þáttagerðar fyrir sjónvarp, dagblaðaútgáfu og upplýsingaþjónustu, bókaútgáfu og annarrar starfsemi, s.s. utanhússauglýsinga
  - BSkyB: heildsöluðreifing á sjónvarpsrásum, smásöluðreifing á áskriftarsjónvarpi, tækniþjónusta við áskriftarsjónvarp, auglýsingar og önnur þjónusta, s.s. smásöluáðgangur að talsíma- og breiðbandsþjónustu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 9. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5932 – News Corp/BSkyB, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5969 – SCJ/Sara Lee)**

2010/EES/62/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið SC Johnson & Son, Inc. („SCJ“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hluta bandaríska fyrirtækisins Sara Lee Corporation („Sara Lee“) sem framleiðir vörur fyrir heimili til að halda skordýrum í skefjum. Samkeppnisyfírvöld á Spáni hafa vísað samfylkingunni til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins samkvæmt 3. mgr. 22. gr. samrunareglugerðarinnar. Belgía, Frakkland, Ítalía, Tékkland og Grikkland gerðust síðar aðilar að þessu málskoti.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SCJ : framleiðsla og dreifing á neytendavörum, m.a. á vörum fyrir heimili til að halda skordýrum í skefjum
  - Keyptur hluti Sara Lee : framleiðsla og dreifing á vörum fyrir heimili til að halda skordýrum í skefjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 304, 10. nóvember 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5969 – SCJ/Sara Lee, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5983 – Tyco Electronics/ADC Telecommunications)**

2010/EES/62/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Tyco Electronics Minnesota Inc., óbeint dótturfélag í einkaeigu hins bandaríska Tyco Electronics („TE“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu ADC Telecommunications, Inc. („ADC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TE: hönnun, framleiðsla og sala á rafeindavörum til viðskiptamanna í margvíslegum framleiðslugreinum
  - ADC: þróun á vörum og þjónustu fyrir fjarskiptanet, þráðlaus net, kapalnet og fyrirtækjanet
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 9. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5983 – Tyco Electronics/ADC Telecommunications, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5986 – Schindler/Droege/ALSO/Actebis)**

2010/EES/62/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. nóvember 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið ALSO Holding AG („ALSO“), sem lýtur yfirláðum hins svissneska Schindler Holding AG („Schindler“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Actebis GmbH („Actebis“), sem lýtur yfirláðum hins þýska Droege International Group AG („Droege“). Á sama tíma öðlast Droege og Schindler með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu ALSO.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ALSO: heildsala og vöruferlisstjórnun fyrir upplýsingatæknivörur og almenn raftæki í Evrópu
  - Schindler: lyftur og rúllustigar, svo og heildsala á upplýsingatækni
  - Actebis: heildsala á vörum, lausnum og þjónustu fyrir upplýsingatækni, fjarskipti og almenn raftæki í Evrópu
  - Droege: ráðgjöf og fjárfestingar. Droege veitir ráðgjafarþjónustu á sviði stjórnunar og á meirihlutaeign í fyrirtækjum í lyfjaiðnaði, á sviði öryggiskerfa og dreifingar upplýsinga- og fjarskiptatækni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 307, 12. nóvember 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5986 – Schindler/Droege/ALSO/Actebis, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5991 – Triton III Holding 6/Wittur Group)**

2010/EES/62/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Triton III Holding 6 GmbH, sem lýtur að fullu óbeinum yfirráðum almennra félaga ýmissa samlagsfélaga sem mynda Triton Fund I, II og III (Jersey, einu nafni „Triton“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í samsteypu þýskra markfyrirtækja og dótturfélaga þeirra, einu nafni „Wittur“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Triton: fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum og veitir stjórnunarráðgjöf og stjórnar fjárfestingum í fyrirtækjum með aðsetur í Evrópu, nánar tiltekið í Dunkermotoren, fyrirtæki sem m.a. framleiðir rafmótora fyrir lyftuhurðir
  - Wittur: hönnun, framleiðsla, sala og viðskipti með íhluti í lyftur fyrir íbúðarhús og atvinnuhúsnaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 300, 6. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5991 – Triton III Holding 6/Wittur Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5995 – VW/Karmann)**

2010/EES/62/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Volkswagen AG („VW“) öðlast með eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hluta eigna hins ógjaldfæra, þýska fyrirtækis Wilhelm Karmann GmbH („Karmann“) í Þýskalandi, þar á meðal tækniþróunardeildina og málmvinnsludeildina.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - VW: starfsemi um heim allan á sviði þróunar, framleiðslu og sölu fólksbifreiða, léttra atvinnuökutækja, strætisvagna, atvinnuökutækja og íhluta í bifreiðar
  - Karmann: smíði á yfirbyggingum bifreiða, þróun og framleiðsla á íhlutum í bifreiðar, bifreiðaeiningum og heilum ökutækjum, svo og smíði verksmíðja og þróun og framleiðsla á verkfærum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 9. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5995 – VW/Karmann, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6003 – Renco Group/Body Systems)**

2010/EES/62/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið The Renco Group („TRG“), sem rekur starfsemi á sviði íhluta í vélknúin ökutæki fyrir milligöngu dótturfélags síns í einkaeigu, Inteva Products LLC, öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu Body Systems Inc. („BSI“), dótturfélagi í einkaeigu Arvin Meritor.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TRG: íhlutir í ökutæki, s.s. hurðaeiningar, læsingar, innréttingakerfi og mælaborð
  - BSI: innbyggðar sóllúgur og hurðakerfi til að setja í létt ökutæki
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 9. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6003 – Renco Group/Body Systems, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2010/EES/62/14****(mál COMP/M.6011 – ATP/PFA/Folksam Group/CPD/FIH Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem dönsku fyrirtækin Arbejdsmarkedets Tillægspension („ATP“) og Pension forsikringsaktieselskab („PFA“), hin sænsku Folksam ömsesidig livsförsäkring og Folksam ömsesidig sakförsäkring (einu nafni „Folksam Group“) og hið danska C.P. Dyvig & Co. A/S („CPD“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í öllu danska fyrirtækinu FIH Erhvervsbank A/S („FIH“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ATP : lífeyrissjóður
  - PFA : lífeyrissjóður og líftryggingar
  - Folksam Group : líftryggingar og aðrar tryggingar
  - CPD : fjármálaráðgjöf, fjármögnun fyrirtækja, ráðgjöf við samruna og yfirtökur og fjárfestingar í hlutafé
  - FIH : bankþjónusta fyrir félög, fjármögnun fasteigna, sérhæfð lánaviðskipti, fjármagnsmarkaðir, ráðgjöf við samruna og yfirtökur og fjárfestingarbankastarfsemi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 9. nóvember 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6011 – ATP/PFA/Folksam Group/CPD/FIH Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5913 – CEZ/EPH/Mibrag Group)**

2010/EES/62/15

Hinn 25. október 2010 barst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna CEZ, EPH og Mibrag Group. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 3. nóvember 2010.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.5803 – Eurovia/Tarmac)**

2010/EES/62/16

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 10. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5803. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/17**  
**(mál COMP/M.5814 – CVC/Univar Europe/Eurochem)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. júlí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5814. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/18**  
**(mál COMP/M.5862 – Mahle/Behr/Behr Industry)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 28. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5862. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/19**  
**(mál COMP/M.5919 – Apollo/Alcan)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. október 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5919. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/20**  
**(mál COMP/M.5933 – Marfrig/Keystone)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. september 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5933. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/21**  
**(mál COMP/M.5944 – Osaka/UFG/Infrastructure Arzak/Saggas)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. september 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5944. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/22**  
**(mál COMP/M.5958 – GS/TPG/Ontex)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. september 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5958. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/23**  
**(mál COMP/M.5965 – Brookfield/Prime)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. október 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5965. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/24**  
**(mál COMP/M.5974 – Finavias/Abertis/Autopista Trados M-45)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. október 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5974. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/25**  
**(mál COMP/M.5975 – Lion Capital/Picard Groupe)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. september 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5975. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/26**  
**(mál COMP/M.5994 – Apothek DocMorris/K-Mail Order/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 20. október 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5994. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/62/27**  
**(mál COMP/M.6005 – Cinven/Spice)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 29. október 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M6005. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.